REYKJAVÍKURVEGUR 72, HAFNARFJÖRÐUR

Samþykkt þann 28 NOV 2007
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
F.h. Jón Sigurðsson




SKÝRINGAR:

- Brunasamstæðuskil, EI-90.
- EICS-60 / 1100 — Eldvarnarhurð EI-CS60, breydd skilgreind í mm.
- EICS-30 / 900 — Eldvarnarhurð EI-CS30, breydd skilgreind í mm.
- (S) — Segulloki
- [R] — Reykskynjari
- 30 m — Brunaslanga, lengd skilgreind í metrum.
- (!) — Staðsetning stjórnstöðvar brunaviðvörunakerfis, tengd viðukendri vaktaðari stjórnstöð.
- ÚT → — Flóttaleiðir, stefna flóttaleiða.
- Flóttaleið, svæði sem skilgreint er sem flóttaleið.

**Brunavarnir.**

Geta má þess að allt burðarvirki hússins þ.e. veggir, loft og gólf er gert úr steinsteypu.

**Brunasamstæður.**
Á lóðinni eru 4 matshlutar og er fyrirhugað að hótelið verður innréttað í mhl. 02, 03 og 04 og er gert ráð fyrir að opið sé milli þessara matshluta á 1. og 2. hæð og jafnframt gert ráð fyrir hurðum á gangi milli matshlutanna sem uppfylli EI-CS60 á segulloka sem tengdur verði brunaviðvörunarkerfi hússins.
Þannig að gistiheimilið er í 3 brunasamstæðum.
Kjallari er tvær brunasamstæður og er eldhús og morgunverðarsalur í sama brunahólfi (veggir EI60 og hurðir EICS 30)

Úr Gildi

**Brunahólfum.**
Hverri brunasamstæðu er skipt upp í mörg brunahólf og er hvert íbúðarherbergi eitt brunahólf skilið af frá öðrum herbergjum eða gangi með EI-60 veggjum og EI-CS30 hurðum.
Sama á við um önnur rými hvað varðar brunahólfun.
Þá eru gangar aðskildir frá anddyri í mhl. 02 með EI-CS30 hurð á segulloka sem tengd verður brunaviðvörunarkerfi hússins og frá rýmingarleiðum í mhl. 01og 03 með EI-CS60 hurð.
Allir innveggir þ.m.t. í kjallara eru byggðir upp úr álleiðurum 100 mm einangraðir að innan með 95 mm steinull og klæddir beggja vegna með 2 x 13 mm gipsplötum.

**Rýmingarleiðir.**
Rýmingarleiðir af 1. hæð eru þrjár ein um anddyri á 1. hæð í mhl. 02, ein um setustofu í matshluta 03 er snýr að Stakkahrauni og ein um útihurð í mhl 04.
Rýmingarleiðir af 2. hæð eru þrjár ein um anddyri á 1. hæð í mhl. 02, ein um setustofu í matshluta 03 er snýr að Stakkahrauni og ein um anddyri í matshluta 01 er snýr að Reykjavíkurvegi.
Við þessar rýmingarleiðir bætast við rýmingarleiðir samkv. breytingu 28. mars 2006 ein rýmingarleið á 1. og annarri hæð um aðal anddyri.
Rýmingarleiðir af 3. og 4 hæð verða um stiga í aðal anddyri ásamt rýmingarleið af 4. hæð útá slétt þak og niður stiga á gafli í mhl. 03.
Þannig verða amk. Tvær rýmingarleiðir úr hverju hólfi.
Rýmingarleiðir úr kjallara eru 4 úr mhl 02 og 3 úr mhl. 03.

**Brunaviðvörunarkerfi.**
Í hótelinu verður sett upp viðurkennt brunaviðvörunarkerfi tengt viðurkenndir stjórnstöð.

**Út - og neyðarlýsing.**
Í hótelinu verður hönnuð og sett upp út- og neyðarlýsing viðurkennd af eldvarnareftirliti sjá staðsetningar á brunavarnaruppdrætti.

**Klæðningar.**
Allar klæðningar í lofti og veggjum verða í flokki 1.

**Slöngukefli og slökkvitæki.**
Slöngukefli eru sýnd á grunnmyndum og slökkvitæki verða sett upp í samráði við eldvarnareftirlit.

**Aðkoma slökkviliðs.**
Hótelið er á 1. og 2. hæð að Reykjavíkurvegi og Stakkahrauni og 1. 2. og 3. hæða á baklóð og öll aðkoma góð þá er aðkoma og aðstaða slökkviliðs öll hin besta. Þá er staðsetning slökkviliðs þannig að viðbragðstími þess að húsinu er ekki nema 3- 5 mínútur.

**Eldhús.**
Í öllum háfum við eldun skal setja úðakerfi

GRUNNMYND 3.HÆÐ

20.11.2007
SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS bs.

A / 26.04.2006 / HÖG / STIGI Í TURNI SETTUR Í SÉR HÓLFI, NÝR FLÓTTASTIGI FRÁ TURNI Á ÞAK
BREYTING NR. / DAGS. / TEIKN. / BREYTING FRÁ FYRRI TEIKNINGU

| | |
|---|---|
| REYKJAVÍKURVEGUR 72, HAFNARFJ. | TEIKN.NR. 505 |
| EFNI: BRUNAUPPDRÁTTUR | DAGS.: 28.03.2006 |
| GRUNNMYND 3. HÆÐAR | MKV.: 1:100 |
| | ÚTGÁFA: A |

HÖNNUÐIR: Erlendur Árni Hjálmarsson, Byggingafræðingur, Kt.: 10.03.'55-5239
Hjálmar Örn Guðmarsson, Byggingafræðingur, Kt.: 20.06.'72-3809